



## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - september 2014

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2014 liggur nú fyrir en í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Nokkur munur er á greiðsluuppgjöri annars vegar og uppgjöri á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur er gerður eftir hins vegar. Hann felst einkum í því að í greiðsluuppgjöri er ekki tekið tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu bæði á tekju- og gjaldahlið sem hafa ekki haft áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 17,7 ma.kr. en var neikvætt um 22 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 60,6 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 21,6 ma.kr.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - september 2014 (m.kr.) (tölur á verðlagi hvers árs)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	335.831	323.818	363.604	382.828	443.389
Greidd gjöld	392.127	391.484	402.075	412.486	434.089
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-56.296</b>	<b>-67.666</b>	<b>-38.471</b>	<b>-29.640</b>	<b>9.300</b>
Viðskiptahreyfingar	-17.311	260	-3.781	7.600	8.414
Handbært fé frá rekstri	<b>-73.607</b>	<b>-67.406</b>	<b>-42.252</b>	<b>-22.040</b>	<b>17.714</b>
Fjárfestingarhreyfingar	<b>-31.934</b>	<b>65.752</b>	<b>-30.515</b>	<b>-28.384</b>	<b>-22.711</b>
Hreinn lánsfjárjöfnuður	<b>-105.541</b>	<b>-1.654</b>	<b>-72.767</b>	<b>-50.424</b>	<b>-4.997</b>
Afborganir lána	<b>-140.743</b>	<b>-143.734</b>	<b>-210.624</b>	<b>-91.630</b>	<b>-139.802</b>
Innanlands	-72.837	-56.213	-53.091	-86.626	-29.398
Erlendis	-67.906	-87.521	-157.533	-2.471	-110.404
<b>Lánsfjárjöfnuður brúttó</b>	<b>-246.284</b>	<b>-145.734</b>	<b>-283.391</b>	<b>-142.054</b>	<b>-144.799</b>
<b>Lántökur</b>	<b>291.069</b>	<b>209.982</b>	<b>213.532</b>	<b>84.989</b>	<b>166.878</b>
Innanlands	159.408	85.538	84.817	81.912	50.440
Erlendis	131.661	124.444	128.715	0	116.438
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>44.785</b>	<b>64.594</b>	<b>-69.859</b>	<b>-57.065</b>	<b>22.079</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 443,4 ma.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins sem er aukning um 15,8% á milli ára og 40,8 ma.kr. eða rúmlega 10% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 10,8% á milli ára og námu 387,2 ma.kr. sem er 23,2 ma.kr. yfir áætlun. Á sama tímabili jukust aðrar tekjur að meðtalinni sölu eigna um 69% milli ára og voru 17,6 ma.kr. yfir áætlun.

Tekjuskattur einstaklinga jókst um 8,6% á milli ára og nam 84,6 ma.kr. sem er 5,8 ma.kr. yfir áætlun. Tekjuskattur lögaðila jókst heldur meira milli ára eða um 34% og nam 30,0 ma.kr. sem er 7,3 ma.kr. yfir áætlun. Skattur á fjármagnstekjur nam 33,6 ma.kr. á tímabilinu. Þar af nam fjármagnstekjkattur greiddur af öðrum en ríkissjóði 27,6 ma.kr sem er 4,3 ma.kr. eða 18,7% yfir áætlun. Sá hluti sem greiddur er af ríkissjóði hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs því hann færst bæði á tekju- og gjaldahlið. Eins og venja er þarf að hafa þann fyrirvara við innheimtu tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjkattus



á fyrstu 9 mánuðum ársins að hluti hennar kemur til endurgreiðslu í kjölfar álagningará lögaðila. Þar er um að ræða ofgreidda fyrirframgreiðsluskyldu tekjuskatts og þann fjármagnstekjuskatt sem dreginn er af lögaðilum sem ekki eru fjármagnstekjuskattsskyldir. Í tekjugreinargerð fyrir tímabilið janúar-október mun því birtast skýrari mynd af stöðu þessara tveggja stóru tekjuliða.

## Tekjur ríkissjóðs janúar - september 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>334.038</b>	<b>349.499</b>	<b>387.189</b>	<b>11,0</b>	<b>4,6</b>	<b>10,8</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>116.498</b>	<b>124.917</b>	<b>148.121</b>	<b>11,5</b>	<b>7,2</b>	<b>18,6</b>
Tekjuskattur einstaklinga	72.137	77.870	84.560	9,1	7,9	8,6
Tekjuskattur lögaðila	22.825	22.355	29.962	105,4	-2,1	34,0
Skattur á fjármagnstekjur	21.536	24.692	33.599	-21,1	14,7	36,1
<b>Eignarskattar</b>	<b>9.249</b>	<b>9.166</b>	<b>9.697</b>	<b>66,9</b>	<b>-0,9</b>	<b>5,8</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>146.367</b>	<b>151.992</b>	<b>161.279</b>	<b>11,3</b>	<b>3,8</b>	<b>6,1</b>
Virðisaukaskattur	93.046	96.855	105.477	11,4	4,1	8,9
Vörugjöld af ökutækjum	3.160	3.434	3.798	58,4	8,7	10,6
Vörugjöld af bensíni	9.002	8.942	9.034	-2,0	-0,7	1,0
Skattar á olíu	5.103	5.189	5.437	8,2	1,7	4,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	12.327	12.891	13.649	6,5	4,6	5,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	23.730	24.681	23.884	15,6	4,0	-3,2
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>5.360</b>	<b>3.739</b>	<b>4.158</b>	<b>9,7</b>	<b>-30,2</b>	<b>11,2</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>8.040</b>	<b>9.159</b>	<b>10.196</b>	<b>36,9</b>	<b>13,9</b>	<b>11,3</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>48.524</b>	<b>50.526</b>	<b>53.738</b>	<b>-0,1</b>	<b>4,1</b>	<b>6,4</b>
<b>Fjárfamlög</b>	<b>643</b>	<b>260</b>	<b>196</b>	<b>-4,6</b>	<b>-59,5</b>	<b>-24,6</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>27.607</b>	<b>32.401</b>	<b>54.597</b>	<b>26,3</b>	<b>17,4</b>	<b>68,5</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.316</b>	<b>669</b>	<b>1.406</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>363.604</b>	<b>382.828</b>	<b>443.389</b>	<b>12,2</b>	<b>5,3</b>	<b>15,8</b>

Tekjur af eignarsköttum eru aðeins yfir áætlun eða sem nemur 3,4% og námu þær samtals 9,7 ma.kr sem er 5,8% aukning á milli ára. Auðlegðarskattur jókst um 21,5% á milli ára og nam 5,5 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins. Stimpilgjöld námu 2,4 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. undir áætlun og samdráttur upp á 12,7% á milli ára. Tekjur af erfðafjárskatti eru örliðtið undir áætlun eða sem nemur 3,2% og námu 1,5 ma.kr. sem er aukning um 4,4% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu eru á áætlun og námu samtals 161,3 ma.kr. tímabilið janúar-september sem er aukning um 6,1% á milli ára. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 105,5 ma.kr. sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun fyrir tímabilið og nam aukning hans á milli ára 8,9%. Almenn vörugjöld eru 0,5 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 4,2 ma.kr. sem er svipað og í fyrra. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 10,6% á milli ára og námu 3,8 ma.kr. sem er á áætlun.

Vörugjöld af bensíni eru 0,3 ma.kr. undir áætlun og námu þau 9,0 ma.kr. en innheimta þeirra jókst um 1% á milli ára. Tekjur af olíugjaldi námu 5,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 6,8% yfir áætlun fjárlaga og aukning um 4,8% frá sama tímabili í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 2,5 ma.kr. á tímabilinu en það jókst um 4,7% á milli ára og er frávik þess frá áætlun neikvætt um 4,5%.



Áfengisgjaldið skilaði 9,1 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun og 7,4% aukning frá því í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 2,9% á milli ára og námu 4,5 ma.kr. sem er 1,1% yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-september, mæld í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst um 2,3% á milli ára. Á sama tímabili jókst sala á sígarettum (vindlingum) að magninu til um 2,5% á milli ára.

Innheimta tolla og annarra aðflutningsgjalda nam 4,2 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. meira en gert hafði verið ráð fyrir og nemur aukningin 11,2% milli ára. Skýrist sú aukning einkum af því að áhrif af niðurfellingu tolla af vörum sem eru fluttar inn frá Kína skila sér hægar en reiknað var með eftir gildistöku fríverslunarsamnings Íslands og Kína hinn 1. júlí sl. Aðrir skattar námu 10,2 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 11,3% á milli ára. Þar af námu gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald samtals 4,0 ma.kr. Fjársýsluskattur nam 2,3 ma.kr. sem er 14,8% yfir áætlun.

Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 6,4% á milli ára og námu samtals 53,7 ma.kr. sem er 1,4 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins. Þróun launavísitölu það sem af er árinu hefur verið áþeckk því sem reiknað var með í forsendum fjárlaga. Vinnuaflseftirspurn hefur hins vegar aukist nokkuð umfram áætlun eða að jafnaði um 1,5% frá ársbyrjun, og gefur innheimta tryggingagjaldsins til kynna að launastofninn hafi aukist um 7,1% á launatímabilinu janúar-ágúst sem rímar við hagtölur um þróun launa og vinnumagns.

Aðrar tekjur á tímabilinu námu 54,6 ma.kr. en það er 17,2 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í mars síðastliðnum skýrir frávikið en hann nam 19,7 ma.kr. Vaxtatekjur námu samtals 10,9 ma.kr. og tekjur af veiðigjaldi samtals 5,7 ma.kr. Almenna veiðigjaldið nam 3,0 ma.kr. en það sérstaka 2,7 ma.kr. Frávik veiðigjalda frá áætlun, sem skýrist að hluta af lagabreytingu sem gerð var í vor, stendur í -1,6 ma.kr.

**Greidd gjöld** námu 434,1 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 21,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,2% sem er heldur minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára eins og sést í meðfylgjandi töflu.

#### **Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-september 2012-2014**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári	
	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	57.080	54.860	55.734	-3,9	1,6
Almenn opinber þjónusta	34.782	38.020	38.479	9,3	1,2
Almannatryggingar og velferðarmál	103.013	99.571	102.318	-3,3	2,8
Heilbrigðismál	88.134	94.474	101.882	7,2	7,8
Efnahags- og atvinnumál	39.881	40.970	45.758	2,7	11,7
Menntamál	37.836	39.984	40.378	5,7	1,0
Menningar, íþrótta og trúmál	12.040	13.336	13.567	10,8	1,7
Lög- og réttargæsla	15.722	16.241	16.482	3,3	1,5
Önnur útgjöld	13.586	15.012	19.491	10,5	29,8
<b>Gjöld alls</b>	<b>402.075</b>	<b>412.468</b>	<b>434.089</b>	<b>2,6</b>	<b>5,2</b>

Þróun málaflokksanna er svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárhjilda ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum hluta ársins.

**Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar - september 2013-2014**

	2014	2013	% breyt.
<i>Æðsta stjórnsýsla og löggjafarvald</i>	2.987	2.881	3,7
<i>Fjármálastjórnsýsla ríkisins</i>	7.469	7.074	5,6
<i>Utanríkismál</i>	8.997	8.925	0,8
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	6.518	6.717	-3,0
<i>Fjármagnskostnaður</i>	55.734	54.860	1,6
<i>Almenn fjárfamlög til sveitarfélaga</i>	12.508	12.423	0,7
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>94.212</b>	<b>92.879</b>	<b>1,4</b>
 <b>Lög- og réttargæsla</b>	 <b>16.482</b>	 <b>16.241</b>	 <b>1,5</b>
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	4.738	4.554	4,0
<i>Landbúnaðarmál</i>	10.050	10.028	0,2
<i>Samgöngumál</i>	19.494	16.471	18,4
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	3.621	3.488	3,8
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	7.854	6.429	22,2
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>45.758</b>	<b>40.970</b>	<b>11,7</b>
 <i>Lyf og lækningavörur</i>	 13.700	 13.198	 3,8
<i>Heilsugæsla</i>	20.421	18.789	8,7
<i>Sjúkrahúsþjónusta</i>	44.034	40.899	7,7
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	20.542	18.530	10,9
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla</i>	3.185	3.059	4,1
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>101.882</b>	<b>94.474</b>	<b>7,8</b>
 <i>Menningarmál</i>	 6.185	 6.346	 -2,5
<i>Íþróttir, fjölmíðlun, félags- og trúrmál</i>	7.382	6.990	5,6
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>13.567</b>	<b>13.336</b>	<b>1,7</b>
 <i>Framhaldsskólastig</i>	 15.165	 14.959	 1,4
<i>Háskólastig</i>	21.732	21.607	0,6
<i>Önnur menntamál</i>	3.481	3.418	1,8
<b>Menntamál</b>	<b>40.378</b>	<b>39.984</b>	<b>1,0</b>
 <i>Örorka og fötlun</i>	 25.622	 23.303	 10,0
<i>Öldrun</i>	34.661	30.893	12,2
<i>Fjölskyldur og börn</i>	17.150	17.481	-1,9
<i>Atvinnuleysi</i>	10.849	13.591	-20,2
<i>Vaxtabætur</i>	8.274	8.776	-5,7
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	5.762	5.527	4,2
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>102.318</b>	<b>99.571</b>	<b>2,8</b>
 <i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	 8.046	 7.628	 5,5
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	5.980	2.133	180,3
<i>Annað</i>	5.466	5.251	4,1
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>19.491</b>	<b>15.012</b>	<b>29,8</b>
 <b>Gjöld alls</b>	 <b>434.089</b>	 <b>412.468</b>	 <b>5,2</b>

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 94,2 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 92,9 ma.kr. á síðasta ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir.



Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða tæp 60%, en hann nam 55,7 ma.kr. á tímabilinu og jókst lítillega milli ára. Útgjöld vegna utanríkismála námu tæpum 9 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 2,3 ma.kr., útgjöld vegna alþjóðastofnana 2,1 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðlegra samskipta 1,2 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 12,5 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og námu 7,5 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld Ríkisskattstjóra sem námu 2,1 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu 1,9 ma.kr. og útgjöld Fjársýslu ríkisins sem námu 1,2 ma.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 9,5 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 16,5 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldapættir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,9 ma.kr. og aukast lítillega á milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,3 ma.kr. og dragast saman milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,2 ma.kr. á tímabilinu, útgjöld sýslumannsembætta 2,7 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 1,1 ma.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 1,1 ma.kr og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 745 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 4,8 ma.kr. á milli ára og námu 45,8 ma.kr. á þessum fyrstu níu mánuðum ársins sem er nokkuð minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 19,5 ma.kr. samanborið við rúma 16,5 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld vegna þeirra námu 16,1 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 10,1 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu rúnum 8,1 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 4,7 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 1,3 ma.kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu 3,6 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknarstofnunar upp á rúman 1 ma.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna 506 m.kr., útgjöld Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands upp á 523 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs upp á 754 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 7,9 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 951 m.kr., niðurgreiðslur á húshitun 947 m.kr., útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 893 m.kr. og útgjöld Fiskistofu um 629 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 101,9 ma.kr. og jukust um 7,4 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt rúnum 4 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 13,7 ma.kr. samanborið við 13,2 ma.kr. 2013 sem er umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skyrist alfarið með halla á þeim rekstri sjúkratrygginga sem snýr að lyfjakaupum. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 20,4 ma.kr. samanborið við 18,8 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 9,6 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 3,7 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu rúnum 44 ma.kr. samanborið við 40,9 ma.kr. 2013. og eru töluvert umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skyrist með útgjöldum Landspítala sem námu 32,7 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á



Akureyri námu 4,2 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 5,7 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 20,5 ma.kr. og jukust um rúma 2 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 3,2 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga tæpum 25 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,9 ma.kr. milli ára og voru 1,8 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 13,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 6,2 ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem nam 643 m.kr., framlög til lista sem námu 767 m.kr. útgjöld vegna þjóðleikhússins sem námu 593 m.kr., útgjöld vegna Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem námu 621 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 675 m.kr. Útgjöld vegna íþróttta, fjölmíðlunar, félags- og trúrmála námu 7,4 ma.kr. þar sem helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 2,7 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 4,1 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 40,4 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jukust lítillega milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 15,2 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 21,7 ma.kr. samanborið við 21,6 ma.kr. á fyrra ári sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu tæpum 9 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,2 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 1,7 ma.kr og Háskólans á Akureyri 1,2 ma.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 3,5 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 973 m.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 102,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,7 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bótaliðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 25,6 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 21,6 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 34,7 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 27,8 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 4,9 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 17,2 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 7,2 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingaorlofs upp á 6,6 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 10,8 ma.kr. samanborið við 13,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,3 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 5,8 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 52,3 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 9,7 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 19,5 ma.kr. samanborið við rúma 15 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu rúnum 8 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og meira en gert hafði verið ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjkattur nam tæpum 6 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og



var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna hins vegar í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlið og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 4 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 764 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 658 m.kr.

## Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður tímabilsins var neikvæður um 5,0 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 50,4 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 144,8 ma.kr. en var neikvæður um 142,1 ma.kr. á sama tímabili 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 139,8 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 29,4 ma.kr. og af erlendum lánum 110,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 166,9 ma.kr. þar sem innlendar lántökur námu 50,4 og erlendar lántökur námu 116,4 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 22,1 ma.kr. á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands gekk frá samningum í júlí um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða jafnvirði um 117 ma.kr. Lánið var notað til að endurgreiða fyrirfram lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS árið 2008.